

Gátlisti farsældar í framhaldsskólum

Viðmið

Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ná til barna og ungmenna upp að 18 ára aldri, eftir það á beiðni um samþættingu þjónustu ekki lengur við. Þegar einstaklingur hefur náð 18 ára aldri hefur tengiliður farsældar ekki lengur umboð í krafti farsældarlaganna til að vinna og miðla upplýsingum á milli kerfa. Að þessu sögðu er mikilvægt er að huga að og skipuleggja þjónustu við einstaklinga 18 ára og eldri í samráði við þá með velferð þeirra og farsæld í huga.

Viðmið 1: Markmið skólans í átt að farsæld - Skólastjórnendur bera ábyrgð á að innleiða og viðhalda hugmyndafræði og markmiðum farsældarlaganna í öllu starfi skólans.

Viðmið 2: Hlutverk og ábyrgð tengiliðar farsældar í skólastarfi – Tengiliður farsældar í samvinnu við skólastjórnendur tryggir að hlutverk hans sé skýrt og sýnilegt nemendum, foreldrum og öðru starfsfólki skólans. Hann sækir fræðslu um hlutverk sitt og þekkir verklagsreglur og úrræðalista.

1 = Ekki komið til framkvæmda
2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda
3 = Að hluta komið til framkvæmda
4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda
5 = Að fullu komið til framkvæmda

Farsæld

Viðmið 1 – Stefna skólans í átt að farsæld

1.1 Farsældarlög eru innleidd í allt verklag skólans. Hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna eru skýr, sýnileg og samofin öllu starfi skólans.

Ítarefni:

- Gera farsældarlögunum hátt undir höfði á heimasíðu skólans, helst á forsiðu. hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna inn í stefnu skólans. Helst á forsiðu.
 - Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfi að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við berum öll ábyrgð á að:
 - Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
 - Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
 - Hafa samráð okkar á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.
 - Skólastjórnendur nefna farsældarlögin í erindum sínum eins og til dæmis þegar nýnemar eru boðnir velkomnir eða nýstúdentar kvaddir.
- Nemendur heyra um farsældarlögin frá kennurum og öðru starfsfólki skólans inn í kennslu í verkefnum o.s.frv.

1.2 Skólastjórnendur hafa sótt sér fræðslu um farsældarlöggjöfina m.a. um hlutverk og ábyrgð framhaldsskólans. Skólastjórnendur eru meðvitaðir um ábyrgð sína við að innleiða og viðhalda farsæld innan veggja skólans.

Ítarefni: Skólastjórnendur geta leitað eftir upplýsingum og fræðslu um farsældarlöggjöfina á heimasíðu BOFS (www.bofs.is), frá farsældarteymi BOFS og á www.farsaeldbarna.is. Einnig er hér slóð á löggjöfina 86/2021: [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu.

Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum nemanda er ekki mætt.

Ítarefni: Skólastjórnendur tryggja að allt starfsfólk fái reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Skólastjórnendur geta leitað til farsældarteymis BOFS eftir aðstoð við fræðsluna.

1.4 Ítarlegur úrræðalisti fyrir þjónustu á fyrsta stigi (grunn- og einstaklingmiðaður stuðningur) er til staðar og aðgengilegur starfsfólki, nemendum og foreldrum. Úrræðalistinn er uppfærður reglulega.

Ítarefni: Skólastjórnandi ber ábyrgð á að þessi listi sé til staðar og aðgengilegur fyrir nemendur og foreldra. Listinn er unninn í samráði við tengiliði og annað starfsfólk stoðþjónustu. Mikilvægt er að úrræðalistinn sé uppfærður reglulega.

1.5 Búið er að útnefna tengilið/i farsældar við skólann og tilkynna til BOFS.

Ítarefni: Sjá nánar hlutverk tengiliðar farsældar samkvæmt reglugerð um tengiliði og málstjóra sem samþykkt var og gefin út í október 2022. [1180/2022 – Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. \(island.is\)](#)

1.6 Tryggt er að tengiliður farsældar hafi tíma og svigrúm til að sinna hlutverki sínu.

Ítarefni: Skólastjórnendur hafa farið yfir verkefnastöðu tengiliðar og t.d. kannað hvort úthluta þurfi einhverjum af núverandi verkefnum til samstarfsfólks svo viðkomandi hafi tíma og svigrúm til að sinna hlutverki sínu sem tengiliður.

1.7 Tengiliður farsældar er aðgengilegur nemendum og foreldrum og hlutverk hans er vel skilgreint. Skólastjórnendur sjá til þess að upplýsingar um tengilið skólans og hlutverk hans sé aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Ítarefni: Koma skal fram á heimasíðu skólans hver sinnir hlutverki tengiliðar og hvernig hægt sé að hafa samband.

1.8 Nemendur og foreldrar eru vel upplýstir um farsældarlöggjöfina og hlutverk og ábyrgð skólans í átt að farsæld allra nemenda.

Ítarefni: Upplýsingar um farsældarlöggjöfina eru sýnilegar á heimasíðu skólans, til dæmis með því að gera sé sér flipa um farsæld.

Þar er að finna upplýsingar um löggjöfina, tengilið skólans og hvar er hægt að nálgast hann auk gagnlegra tengla, svo sem www.bofs.is og www.farsaeldbarna.is og <https://island.is/reglugerdir/nr/1180-2022>

1.9 Skólastjórnendur tryggja að til staðar séu verklagsreglur hjá skólanum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt.

Ítarefni: Dæmi um slík viðfangsefni eru námsvandi, slök skólasókn, alvarlegur tilfinningavandi, alvarlegur heilsufarsvandi, félagslegur vandi, einelti, ofbeldi o.fl.

Viðmið 2 – innleiðing og aðgerðir sem snúa að tengiliðum

2.1 Tengiliður farsældar hefur sótt fræðslu hjá BOFS um hlutverk sitt. Hann viðheldur þekkingu

sinni um farsældarlöggjöfina og hlutverk sitt því tengdu.

Ítarefni: Skólastjórnendur tryggja að tengiliður sækir fræðslu um farsældarlöggjöfina og viðhaldi þekkingu sinni. Ef nýr tengiliður tekur við er mikilvægt að tryggja að viðkomandi sækir fræðslu frá BOFS.

[Hér er hægt að nálgast hlekk inn á Farsældarskóla Barna- og fjölskyldustofu.](#) Þar er að finna námskeið fyrir tengiliði farsældar

2.2 Tengiliður farsældar þekkir vel úrræðalista um úrræði á fyrsta stigi innan sem utan veggja framhaldsskólans.

2.3 Tengiliður farsældar þekkir vel verklagsreglur um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar.

2.4 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, kynnir hlutverk tengiliðar reglulega fyrir nemendum og foreldrum.

Ítarefni: T.d. með tölvupósti og benda á hvar upplýsingar um tengilið farsældar er að finna og hvernig nemendur og foreldrar geta nálgast hann. Mikilvægt er að upplýsingar séu aðgengilegar og auðskiljanlegar og geri ráð fyrir fjölbreytileika meðal nemenda og foreldra.

2.5 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, stendur fyrir fræðslu um farsældarlöggjöfina, samþættingu þjónustu og hlutverk tengiliðar til nýnema og foreldra, að hausti og vori.

Ítarefni: Þetta má gera t.d. með kynningu fyrir nýnema, á foreldrafundum og með tölvupóstum og benda á hvar upplýsingar um tengilið farsældar er að finna og hvernig nemendur og foreldrar geta nálgast tengilið.

2.6 Tengiliður farsældar fylgir eftir verklagsreglum skólans í vinnu með nemendum og/eða foreldrum sem þurfa aðstoð.

Ítarefni: Dæmi um viðfangsefni sem krefjast verklagsreglna eru námsvandi, slök skólasókn, alvarlegur tilfinningavandi, alvarlegur heilsufarsvandi, félagslegur vandi, einelti, ofbeldi o.fl.

2.7 Tengiliður farsældar tekur þátt í að tryggja góða samvinnu og samfellu í þjónustu óháð kerfum, t.d. þegar nemendur flytjast á milli skóla, skólastiga, við heilbrigðis- og/eða velferðarkerfið.

Ítarefni: Ef nemandi hafði tengilið í grunnskóla eða öðrum framhaldsskóla skulu þær upplýsingar fylgja milli skóla/skólastiga. Fyrrum tengiliður ber þá ábyrgð á því að koma upplýsingum til nýja tengiliðarins. Eftir það er honum óheimilt að vinna frekar með og miðla upplýsingum um nemandann. Þegar nýr tengiliður hefur tekið við hefur fyrri tengiliður ekki lengur heimild til að vinna upplýsingar um barnið. Sjá nánar um vinnslu persónuupplýsinga í 13 lið 2 gr. í reglum um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=4c35f10a-e7bf-44ea-ba85-a61f5ad011ed>)